

Sjöundi fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga b.s.

Haldinn 1. október 2013 kl. 15:30 á bæjarskrifstofu
Hveragerðisbæjar.

Mætt: Ari B. Thorarensen, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveinn Steinarsson Drífa Kristjánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður Héraðsnefndar Árneseinga bs. Drífa ritaði fundargerðina.

1. Tónlistarskóli Árneseinga, fjárhagsáætlun.

- Róbert Darling og Helga Sighvatsdóttir komu á fundinn og kynntu fjárhagsáætlun næsta árs. Kennsluþátturinn er áætlaður kr. 180.298.863,-. Sveinn spyr hvort hægt sé að koma með útreikninga á því hvað hækkunin hefur verið mikil milli reikningsára ef frádregið er aukið kennslumagn. Helga ætlar að reikna þetta út.

2. Byggðasafn Árneseinga, fjárhagsáætlun

- Lýður Pálsson kynnti fjárhagsáætlun næsta árs. Fyrir liggur áætlun frá fundi fagráðsins og svo lagði Lýður einnig fram fjárhagsáætlun sem sýnir lengingu á opnun safnsins um einn mánuð. Þannig myndi launakostnaður hækka um 700 þúsund skv. áætluninni. Rætt um hvort ekki sé rétt að taka inn tekjur úr dánarbúi Helga Ivarssonar kr. 1.000.000,- eins og gert er hjá Héraðsskjalasafninu. Safnið mun vera að fá styrk til að gefa út sögu Hússins á Eyrarbakka. Ákveðið var að leggja til að setja inn eina milljón af arfi úr dánarbúi Helga Ivarssonar til að setja upp sýningu í Kirkjubæ. Fram kom að 9.7 milljónir eru til inni á bók vegna tjónabóta.
- „Ljósan á Bakkanum“ var vinsæl sýning en kostaði talsvert á árinu. Sýningin verður ekki tekin niður heldur notuð áfram. Héraðsskjalasafnið og Byggðasafnið eiga húseign saman sem er til sölu en er leigt út á meðan það selst ekki.

3. Fjárhagsáætlun Listasafns Árneseinga.

- Lögð fram til kynningar en verður rædd á næsta fundi. Kostnaðarliðir hækkaðir um c.a. 3,5% og einnig launaliðirnir. Framlag Héraðsnefndarinnar hækkar um 5%. Gott væri að fá niðurstöðutölur um afborgun og vöxtum af lánunum.

4. Fjárhagsáætlun Héraðnefndarinnar.

- Lögð fram og rædd. Ingibjörg ætlar að reikna út stjórnunarkostnað framkvæmdastjórnarinnar og Héraðsnefndarinnar. Það þarf sennilega að hækka aðeins áætlunina þar sem næsta á er kosningaár og fundir því fleiri.

5. Erindisbréf stjórar Brunavara.

- Tillaga að erindisbréfinu var lagt fram. Það þarf að breyta dagsetningu á skilum ársreikningsins til 1. október. Erindisbréfið samþykkt.
- Slökkvistjóri hefur lagt fram gjaldskrá. Brunavarnaráætlun þarf samþykki mannvirkjastofnunar og svo þarf hún að fara fyrir sveitarstjórnirnar til umsagnar og samþykktar.

6. Erindisbréf fagraðs Listasafns Árnesinga.

- Tillaga að erindisbréfinu var lagt fram og samþykkt.

7. Haustfundur Héraðsnefndarinnar á Hótel Geysi.

- Farið var yfir dagskrá fundarins. Ari tekur að sér að ganga endanlega frá dagskránni.

8. Fundir framundan hjá framkvæmdastjórn. Ákveðið var að halda næsta fund framkvæmdastjórnarinnar þriðjudaginn 8. október kl. 8:30 í Hveragerði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:00

Ari B. Thorarensen

Aldís Hafsteinsdóttir

Arna Ír Gunnarsdóttir

Sveinn Steinarsson

Drífa Kristjánsdóttir